

Miðvikudaginn 20. febrúar 1991.

Nr. 457/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1990, en einnig af hálfu ákærvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að miskabætur verði hækkaðar frá ákvörðun héraðsdóms í allt að 200.000 krónur.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, verði greiddur úr ríkissjóði.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um sakfellingu og færslu brots til refsíákvæðis. Í ljós er leitt, að Jóhann Magnús Friðriksson átti upptök að átökum þeirra ákærða. Er því fallist á ákvörðun héraðsdóms um refsingu.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um miskabætur til Jóhanns Magnúsar Friðrikssonar, en vextir dæmast þó eins og í dómsorði greinir. Þá er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ásbjarnar Ólafs Ásbjörnssonar, er frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu héraðsdóms 27. ágúst 1990, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Jóhanni Friðriki Magnússyni í miskabætur 40.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1990.

Ár 1990, mánudaginn 27. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 428/1990: Ákærvaldið gegn Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. apríl 1990, á hendur ákærða, Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni, Klapparbergi 9, Reykjavík, fæddum 30. september 1970, fæðingarnúmer 516, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1989 við verslun Karnaþæjar í Austurstræti í Reykjavík slegið Jóhann Magnús Friðriksson, fæddan 19. janúar 1971, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann missti tvær tennur, hægri framtönn og augntönn í efra gömi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum málsins er það upplýst, að aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1989 var ákærði á Hressingarskálanum ásamt félaganum sínum, Eiríki Bergmann Einarssyni, og tveimur stúlkum. Þar inni urðu orðahníppingar milli Eiríks og Jóhanns Magnúsar Friðrikssonar, sem þarna var staddur ásamt tveimur félögum sínum. Varð það til þess, að Jóhanni var vísað út að undirlagi Eiríks, og fylgdu félagar Jóhanns honum út. Biðu þeir eftir þeim ákærða fyrir utan. Þegar þau Eiríkur komu út, kom til stimpinga með þeim Jóhanni og Eiríki. Ákærði og dyravörður af Hressingarskálanum, sem ákærði kallaði til hjálpar, urðu til þess að skilja þá að. Ákærði, sem hélt Jóhanni, datt í götuna og rak höfuðið í tröppur, sem þarna eru. Ákærði, Jóhann og stúlkurnar héldu

þá aftur inn á Hressingarskálann. Þegar þau komu út aftur, veittist Jóhann að ákærða með frýjuorðum. Jóhann gekk eða stökk að ákærða, sem sló til hans með hendinni. Kom höggið á munninn, og brotnuðu tvær tennur úr efri gómi. Tókst að festa aðra þeirra í aftur.

Ákærði og vinkona hans hafa þó sagt, að hann hafi borið fyrir sig hendurnar og Jóhann rekist á þær. Ekki er unnt að taka þessa frásögn trúanlega, og verður að hafna henni.

Þessi árás ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Jóhann Magnús Friðriksson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér 126.000 krónur í bætur fyrir fjárhagstjón. Er sú krafa byggð á áætlun Harðar Sævaldssonar tannlæknis. Þá krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 200.000 krónur í miskabætur. Verði hann auk þess dæmdur til þess að greiða dráttarvexti af kröfunni frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar.

Bótakrafa vegna fjártjóns er ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa þeim lið frá dómi. Miski þykir með hliðsjón af atvikum málsins hæfilega metinn til fjár 40.000 krónur, og ber að dæma ákærða til þess að greiða Jóhanni þá fjárhæð ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, til greiðsludags.

Málskostnaður dæmist ekki.

Refsing, sakarkostnaður.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um brot, sem þýðingu hefur fyrir mál þetta. Refsingu hans verður samkvæmt 3. mgr. 218. gr. a í almennum hegningarlögum, sbr. l. nr. 20, 1981, að meta með hliðsjón af því, að átök höfðu orðið með þeim Jóhanni og Jóhann verið með ásókn og ýfingar í hans garð. Rétt þykir að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og ákveða, að refsing falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ásbjarnar Ólafs Ásbjörnssonar, er frestað. Fellur refsingin niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Jóhanni Friðriki Magnússyni 40.000 kr. í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 40.000 krónur.